

Nd.

562. Nefndarálit

[202. mál]

um frv. til laga um embættisgengi kennara og skólastjóra.

Frá menntamálanefnd.

Menntamálanefnd hefur rætt frv. og er sammála um að leggja til að það verði samþykkt með einni breytingu, er varðar ákvæði 14. gr. um réttindi þeirra, er lokið hafa B.A.-, B.S.- eða cand. mag.-prófi frá Háskóla Íslands eða öðru hliðstæðu prófi. Nefndin telur að cand. mag.-próf og B.A.-próf verði ekki lagt að jöfnu í öllum greinum, t. a. m. hvað varðar þekkingarkröfur í íslenskum fræðum. Því leggur nefndin til að umsækjandi með cand. mag.-prófi eða öðru prófi hliðstæðu gangi fyrir að öðru jöfnu, þegar velja þarf milli umsækjenda um kennarastöður við framhaldsskóla.

Breytingatillaga nefndarinnar er prentuð á öðru þingskjali. Sigurlaug Bjarnadóttir var fjarverandi, þegar málið var afgreitt.

Alþingi, 12. apríl 1978.

Ingvar Gíslason,
form., frsm.

Gunnlaugur Finnsson.

Svava Jakobsdóttir.

Ey. Kon. Jónsson.

Magnús T. Ólafsson.

Ellert B. Schram.